


1. tibl. 2020 • 35. árg.

Börn og menning



Leikur að bókum

Birte Harksen og Ingibjörg Ásdís Sveinsdóttir

Hvernig er hægt að fá börn á leikskólaaldri til að lifa sig inn í söguheim bókanna sem þau kynnast og gera þau að virkum þátttakendum í flutningi sögunnar? Það er mikilvægt að finna gott svar við þessari spurningu, því að barn sem snemma fyllist af bókaást og sér bækur sem leið inn í töfraheim ímyndunarafslisins fær lifandi og varanlega löngun til að lesa, auk þess sem það mun meðtaka þá texta sem það mætir af meiri innlifun og skilningi en annars væri tilfellið.

Í starfi okkar með leikskólabörnum höfum við þróað ákveðna leið til að auka innlifun og upplifun í sambandi við lestur barnabóka. Þessa leið köllum við „Leik að bókum“ (sjá vefsíðuna leikuradbokum.net). Grunnhugmyndin er að nota söguþráðinn og sögupersónurnar í bókunum sem innblástur að rammaleik þar sem öll börnin taka þátt. Þó að þessi aðferð virki sérstaklega vel með barnahópi í leikskóla, þá er ekkert mál að aðlaga hana fyrir foreldra og þannig gera bókalestur á heimilinu enn skemmtilegri og líflegri.

Þátttökulestur og hlutverkaleikur

Leikur að bókum skiptist í tvö þrep. Í fyrra þrepinu kynnum við bókina fyrir börnunum gegnum þátttökulestur, og í því síðara leikum við saman söguna

Grunnhugmyndin er að nota söguþráðinn og sögupersónurnar í bókunum sem innblástur að rammaleik þar sem öll börnin taka þátt.


í hlutverkaleik innan lauslegs ramma sem byggist á söguþráðinum og -heiminum. Bækur sem henta vel fyrir þessa aðferð hafa oft margar persónur og bjóða því upp á að hægt sé að leika söguna mörgum sinnum þar sem börnin skipta auðveldlega um hlutverk.

Í fyrra þrepinu, þátttökulestri, reynum við að gera flutning bókariðnar sem mest lifandi og fá börnin til að taka virkan þátt með líkama og sál. Þau gera hreyfingar

og syngja, hrópa í kór eða fara með endurtekin stef ef það á við. Til að dýpka skilning og vekja til umhugsunar spyrjum við börnin líka opinna spurninga, einkum um hugsanir og tilfinningar sögupersónanna, hvað sjá megi í myndskreytingunum og hvernig við ímyndum okkur að sagan muni þróast. Bókalesturinn fær þá á sig samtalsblæ og felur í sér samskipti í báðar áttir.

Það er gott að vera búinn að hugsa fyrir fram: „Ef ég væri fjögurra ára, hvað væri þá virkilega gaman að gera?“ Gleði og innlifun samfara virkri tjáningu fá heilann til að framleiða dópamín sem stuðla bæði að áhuga á því að læra og leiða til þess að við munum betur eftir því sem við lærum. Við sjáum enda að þátttökulestur af þessu tagi eykur mjög athygli, úthald og áhuga barnanna.

Eftir sameiginlegan flutning bókariðnar hefst síðara



þrepið, þ.e. hlutverkaleikurinn þar sem sagan er leikin. Börnin velja sér ávallt hlutverk af mikilli tilhlökkun og gleði. Allir fara inn í leikinn á jöfnum forsendum og hafa ákveðið frelsi til að þróa sína persónu í þá átt sem viðkomandi vill, en þó í samspili við hina þátttakendurna. Við leikum söguna nokkrum sinnum og skiptum yfirleitt um hlutverk. Mikilvægt er að börnin velji sjálf enda ekkert því til fyrirstöðu að mörg börn séu með sama hlutverkið og styðji hvert annað í því. Þannig myndast líka vináttutengsl milli barnanna. Við kennararnir hoppum svo inn í þau hlutverk sem vantar, en fylgjum hugmyndum og uppástungum barnanna eftir því sem hægt er. Þannig þróast stundirnar oft í mjög ólíkar áttir þótt bókinn sé sú sama.

Það er gaman að segja frá því að þessi vinnubrögð breyta því hvernig börnin hugsa um bækur. Þau sjá sjálf sig sem persónurnar í sögunum sem þau hlusta á, og jafnvel þegar við lesum bók á „venjulegan“ hátt spyrja þau oft í lokin: „Getum við núna leikið hana?“

Fyrir foreldra

Fyrir foreldra sem langar til að notfæra sér einhverjar af þessum hugmyndum er fyrsta skrefið að huga vel að bókavali. Þær bækur sem henta best eru oft einfaldar í söguþræði og byggjast gjarna á endurteknu stefi. Einnig er gott að velja bækur með húmor sem höfðar bæði til barna og fullorðinna.

Í stað þess að einblína á sjálfan textann er mikil-

**Börnin velja sér ávallt
hlutverk af mikilli
tilhlökkun og gleði.**



vægt að ímynda sér hvernig maður getur sagt söguna og beint athygli barnsins að tilteknum hlutum, ekki síst í myndskreytingunum. Gott er að finna opnar spurningar sem hvetja barnið til að beita hugmyndafluginu, eins og t.d.: „Hvað heldurðu að nornin hafi sett í súpuna sína?“ eða „Hvað heldurðu að strákinn hafi dreymt?“ Takið eftir því hvar bókin býður upp á að gera barnið að virkum þátttakanda í flutningnum, t.d. með því að segja saman endurtekið stef, kalla til sögupersóna, eða gegnum hreyfingu á borð við að toga, ýta eða hræra. Raddbeiting skiptir auðvitað líka miklu máli: Talið hátt eða lágt, skrækt eða djúpt eftir atvikum, gefið hverri persónu eigin rödd, og notið umhverfis- og dýrahljóð óspart.

Ef börnin þekkja söguna vel er hægt að láta þau stjórna hluta af flutningnum sjálf, t.d. fara alltaf með orð aðalpersónunnar. Foreldrið segir, „Þá sagði músin við Greppikló...“ og barnið tekur við. Þá er auðvitað mikilvægt að barnið fái að nota eigin orð óháð því hvað stendur í textanum.

Í þeim tilfellum sem við þekkjum til þar sem foreldrar hafa reynt þessa nálgun hefur útkoman verið framar öllum vonum. „Það verður ekki aftur snúið,“ sagði eitt þeirra við okkur skælbrosandi, „nú kemur engin önnur leið til greina.“

Síðan er bara eftir að spyrja börnin: „Er hægt að leika þetta?“ Þið getið alveg treyst því að þau hafa fullt af hugmyndum um hvernig það sé hægt og munu leiða ykkur áfram í leik!



Birte Harksen er grunn- og leikskólakennari. Ingibjörg Ásdís Sveinsdóttir er bókmenntafræðingur. Þær hafa starfað saman á Heilsuleikskólanum Urðarhóli í meira en áratug. Mörg dæmi um leik að bókum má finna á <https://leikuradbokum.net>